

**105. fundur skráningarráðs**, haldinn fimmtudaginn 13. október 2016 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 10-11:15

Fundarmenn: Rósa S. Jónsdóttir, Helga Kristín Gunnarsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Áslaug Þorfinnsdóttir (fundarritari).

Einnig sat fundinn Hallfríður Kristjánsdóttir gæðastjóri Gegnis. Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis var fjarverandi.

Rósa S. Jónsdóttir var kjörin formaður og Helga Kristín Gunnarsdóttir boðin velkomin til starfa í skráningarráði.

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt í tölvupósti í lok júní.  
Dögg er búin að eyða út óvirkum skráningarheimildum. Framundan eru námskeið í RDA skráningu fyrir þá sem fengu undanþágu í vor og nýtt skráningarnámskeið.
2. Þrjár undanþágubeiðnir samþykktar.
3. Erindi frá ritstjórn Handbók skrásetjara.

Svið 020 | q

Nota skal deilisvið q til aðgreiningar ef ISBN nr. eru fleiri en eitt. Skerpa þarf á orðalagi í Handbók skrásetjara.

Samsett gögn/tölvuleikir

Rósa Björg Jónsdóttir verður beðin um að mynda hóp til að vinna að leiðbeiningum um skráningu á þessu efni.

4. RDA-rafbækur.  
Grunnskjal um skráningu á rafbókum er í yfirllestri og verður tekið fyrir á næsta fundi.
5. Önnur mál

Hallfríður spyr um „Ábyrgðarmenn skráningar“

Ábyrgðarmenn skráningarhópa voru skipaðir 2006 en ekki er talin þörf á þeim lengur.

Hallfríður bendir á að hvergi sé að finna í Handbók skrásetjara stefnu um hvernig skuli meðhöndla fjölbindaverk.

Best er að skrá fjölbindaverk í einni færslu ef mögulegt er. Hallfríður mun koma þessu inn í Handbók skrásetjara.

Næsti fundur er áætlaður fimmtudaginn 10. nóvember 2016, kl. 10 í húsakynnum Landskerfis bókasafna.